



Breytingar á rekstrarumhverfi leikskóla: Áhrif á velferð barna

Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Svava Björg Mörk

► Abstract

► Um höfunda

► About the authors

► Heimildir

Undanfarin misseri hafa nokkur sveitarfélög lagst í breytingar á rekstrarfyrirkomulagi leikskóla. Leiðirnar eru ekki eins en markmiðið er í öllum tilvikum að bæta leikskólastarf og aðstæður barna og starfsfólks. Dæmi um breytingar er að bjóða upp á sex tíma gjaldfrjálsan leikskóla og skilgreina daga sem eru frídagar í grunnskóla sem skráningardaga sem greiða þarf sérstaklega fyrir.

Í greininni er fjallað um rannsókn sem fram fór í tveimur sveitarfélögum sem lagst hafa í fyrrnefndar breytingar, en þau eru Akureyri og Kópavogur. Tekin voru rýnivíðtöl við skólastjórnendur og spurningakannanir sendar á skólastjórnendur, á deildarstjóra og á starfsfólk sem vinnur með börnum. Tilgangurinn var að skoða reynslu þeirra af breytingunum með áherslu á hvernig sveitarfélögunum tveimur hefur gengið að ná þeim markmiðum sem stefnt var að. Í greininni er unnið með þann hluta í niðurstöðum sem snýr að áhrifum breytinganna á skólastarfið og á velferð barna.

Niðurstöður sýna að misjafnt er milli skóla hvort, og þá hve mikið, skólatímum barna fækkar umfram sex gjaldfrjálsu tímum og nýting á skráningardögum er einnig mismunandi á milli skóla. Vinnutímastytting kemur ítrekað fyrir í gögnum og greinilegt að það hefur verið áskorun að mæta henni. Í þeim skólum þar sem skólatímum fækkaði, bæði utan gjaldfrjálsu tímanna og á skráningardögum, gengur betur að mæta vinnutímastyttingu starfsfólks og skólatímum þarf ekki að fækka mikið til að áhrifin verði greinanleg. Stöðugri mönnun hefur létt álagi af starfinu, meiri ró er yfir ákveðnum tímum dagsins og þá bjóðast fleiri gæðastundir í námi og leik. Fólk finnur mun á líðan barna og því hægt að segja að breytingar af þessum toga geti eflt velferð leikskólabarna.

Efnisorð: rekstrarumhverfi leikskóla, leikskólastarf, leikskólabörn, velferð barna

Inngangur

Íslenskum leikskólum er ætlað að búa börnum vandað, hvetjandi og öruggt uppeldis- og námsumhverfi þar sem velferð og farsæld barna er í fyrirrúmi (lög nr. 90/2008). Því er mikilvægt að allar breytingar á rekstrar- og starfsumhverfi leikskóla taki mið af velferð barna og aðstæðunum sem þeim eru skapaðar í skólunum. Ein sérstaða leikskólans miðað við önnur skólastig er að sveitarfélög hafa töluvert svigrúm til að reka leikskóla með mismunandi hætti, s.s. hvað varðar opnunartíma, gjaldskrá og þátttöku foreldra í greiðslum, inntökureglur og viðmið um á hvaða aldri börn eru tekin inn í skólana. Það þýðir meðal annars að starfsumhverfið getur verið töluvert ólíkt á milli sveitarfélaga og sem dæmi má nefna að misjafnt er hvort leikskólar eru opnir á sumrin eður ei eða hvenær og hve lengi þeir loka (Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Eygló Björnsdóttir, 2016). Fleira skilur á milli, svo sem viðmið um fjölda barna í rými eða fjölda barna á hvern kennara. Frá árinu 1995 var í gildi reglugerð um starfsemi leikskóla (nr. 225/1995) þar sem hvoru tveggja var skilgreint með skýrum hætti en í lögum árið 2008 (lög nr. 90/2008) voru viðmiðin tekin út. Í staðinn voru sett inn tilmæli um „öruggt

og rúmlegt náms- og starfsumhverfi“ og tekið fram að taka þyrfti tillit til „aldursdreifingar barna og sérþarfa, lengdar dvalartíma þeirra, stærðar leik- og kennslurýmis og samsetningar starfsmannahóps“. Viðmiðin voru því að sumu leyti óskilgreind. Ári síðar var sett reglugerð um starfsumhverfi leikskóla (nr. 655/2009) þar sem lágmarksaðstaða er skilgreind og ábyrgð á viðmiðunum er sett á skólastjóra í samráði við sveitarstjórn eða fulltrúa hennar. Sveitarfélögin hafa því töluvert svigrúm til að setja sitt mark á þætti sem hafa afgerandi áhrif á starf og starfsaðstæður í leikskólum, þætti líkt og skólatíma barna, fjölda barna í hverju rými og á hvern kennara svo dæmi séu tekin. Nýverið hafa fjögur stór sveitarfélög; Akureyri, Garðabær, Hafnarfjörður og Kópavogur, gert umtalsverðar breytingar á rekstrarfyrirkomulagi leikskóla og byggt á því svigrúmi sem lýst hefur verið eru leiðirnar sem þau velja ólíkar. Ef breytingarnar eru teknar saman þá felast þær í þáttum eins og ódýrari eða gjaldfrjálsum sex tíma leikskóla, og meiri sveigjanleika í skólatíma, s.s. með skráningadögum þar sem foreldrar skrá börnin í mætingu á dögum í kringum sumarleyfi, í dymbilviku eða milli jóla og nýárs. Tekjutenging leikskólagjalda og heimgreiðslur til foreldra eru einnig hluti af breytingunum. Draga má þá ályktun að breytingarnar geti verið hvetjandi fyrir foreldra til að nýta einungis þá tíma sem þau nauðsynlega þurfa utan sex tímanna og þar með fækka börnum í skólunum á ákveðnum tímum og ákveðnum dögum. Með því geti þá skapast svigrúm til á að ná þeim árangri sem stefnt er að. Fram hefur komið að meðalskólatími barna á Akureyri stýttist um 0,41 klukkustund eftir breytingarnar (Erna Rós Ingvadóttir, munnleg heimild, 15.3.2024) og um 0,6 klukkustund í Kópavogi (Kópavogsbær, 2024).

Sumt í breytingunum er áskorun á hefðir og fyrirkomulag sem hefur verið við lýði lengi og þar af leiðandi hafa þær vakið upp umræðu og viðbrögð. Breytingarnar taka gildi þegar tilteknar aðstæður hafa skapast í leikskólaumhverfinu; aðstæður þar sem starfsmannavelta er tíð, erfitt er að manna stöður, veikindi eru töluverð og álag og áreiti á börn og starfsfólk er mikið (sjá t.d. Hjördís Sigursteinsdóttir, 2023). Þegar samið var um allt að fjögurra stunda vinnutímastyttingu á viku, fyrir starfsfólk leikskóla í kjarasamningum (Kennarasamband Íslands, 2021), var ekki gert ráð fyrir fjármunum til að kosta afleysingu fyrir þessa tíma. Samningarnir tóku gildi rétt í lokin á covid-tímabilinu, sem var mikill álagstími í leikskólum. Aðstæður í leikskólum voru þá orðnar afar erfiðar, álagið mikið og kerfið komið langt yfir þolmörk (Kristín Dýrfjörð, 2019). Það er á þessum tímapunkti sem sveitarfélögin leggjast í breytingar og á markmiðum þeirra má sjá vilja til að efla leikskóla og auka gæði skólastarfs. Hafnarfjarðarbær stefndi á að bæta leikskólastarf og fjölga leikskólakennurum (Hafnarfjarðarbær, 2022) og í Garðabæ var markmiðið að tryggja gæði starfsins með velferð barna og starfsfólks í huga (Garðabær, 2023). Bætt starfsumhverfi leikskóla og þjónusta við börn og foreldra var áherslan í Kópavogi ásamt að efla leikskólann og setja hag barna á oddinn (Kópavogsbær, 2023). Á Akureyri bar velferð starfsfólks og barna hæst og var breytingunum ætlað að hafa áhrif á vinnuumhverfi og vinnuáðstöðu í leikskólum (Akureyrarbær, 2023). Í hnotskurn snúast markmiðin um aukin gæði skólastarfs með áherslu á velferð barna og starfsfólks. Rannsóknir hafa sýnt að tiltölulega sakleysislegar tilfærslur geta haft umtalsverð áhrif á starf og starfsaðstæður (Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Eygló Björnsdóttir, 2016) og þar með á velferð barna. Umfangsmiklar breytingar af því tagi sem gerðar hafa verið undanfarið eru líklegar til að hafa áhrif á starf skólanna, á námsaðstæður barna og starfsaðstæður starfsfólks. Ljóst er að sveitarfélögin fjögur eru að bregðast við krefjandi aðstæðum í skólunum og það er ekki ólíklegt að fleiri sveitarfélög fylgi í kjölfarið. Því er þörf á að rýna í hvaða áhrif breytingar af þessu tagi hafa á skólastarf í leikskólum og hvernig þær koma við bæði starfsfólk og börn.

Í greininni er fjallað um velferð barna (e. well-being) í tengslum við breytingar á rekstrarfyrirkomulagi leikskóla. Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni byggist velferð á andlegri líðan, líkamlegu heilbrigði og félagslegri líðan (WHO, e.d.). Mælaborð OECD slær á svipaða strengi og segir velferð barna felast í efnislegum gæðum, heilsufari, menntun og félagslegum og tilfinningalegum þáttum (OECD, e.d.). Þegar hugað er að velferð barna í skólaumhverfinu er því ekki nóg að huga að námsárangri heldur skipta fleiri atriði máli, s.s. félagsleg og tilfinningaleg líðan.

Fræðilegur bakgrunnur

Í lögum um leikskóla (nr. 90/2008) eru gefin skýr viðmið um markmið með skólastarfi, hafa þau skýra tilvísun í velferð barna og áherslan er einstaklingsmiðuð. Áhersla er á að sinna barni andlega, vitsmunalega og líkamlega, og markmiðið sem stefnt er á er velferð til framtíðar þar sem börnin eru sjálfstæð, ábyrg og virk. Í *Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum* er velferð barna skilgreind út frá þremur meginþáttum; félagslegu og tilfinningalegu öryggi og trausti til kennara. Innifalið í meginþáttunum er að börnin séu metin út frá eigin verðleikum og að þau finni fyrir væntumþykju (Menntamálastofnun, 2021). Með öðrum orðum nær velferð bæði til þess hvernig barnið hefur það núna og þess hver áhrifin af því verða á barnið til langframa.

Velferð í íslenska skólaumhverfinu er útfærð í aðalnámskrá leikskóla (Miðstöð menntunar og skólalábjónustu, e.d.) og enn ítarlegar í þemaheftinu *Heilbrigði og velferð* (Margrét Héðinsdóttir o.fl., 2013). Í almenna hluta aðalnámskrár segir að heilbrigði nái yfir andlega, líkamlega og félagslega þætti. Í sértæka hlutanum fyrir leikskóla er síðan sambærilegur kafli sem heitir „Heilbrigði og vellíðan“. Áhersluatriðin þar eru samskipti, upplifun, tjáning, að njóta, skilja, tjá sig og hugsa (Miðstöð menntunar og skólalábjónustu, e.d.). Niðurstöður Street (2021) sýna að 2–4 ára börn skilgreina velferð sína miðað við hér og nú og meta hana út frá því að fá að vera með og njóta dagsins. Það er líka umhugsunarefni að þrátt fyrir að börn segi vináttu við önnur börn mikilvægan þátt í velferð sinni gefa bæði foreldrar og starfsfólk leikskóla vináttu barna lítið vægi í samhengi við velferð barnanna (Brogaard-Clausen og Robson, 2019). Vináttu barna skiptir þau máli og samskipti í leik eru mikilvægur þáttur í líðan barna í skólum. Höfnun og útilokun getur sviðið sárt og verið bæði álagsvaldandi og sársaukafull (Nergaard, 2020). Því er mikilvægt að félagslegum þætti leikskólastarfsins sé sinnt af alúð og, eins og Nergaard (2022) bendir á, að börnum sé sýnd hluttekning og stuðningur í félagslegum aðstæðum.

Fane og félagar (2020) segja einnig að þrátt fyrir vitundarvakningu í að hafa börn með í ráðum vanti mikið upp á að það eigi við um börn yngri en sex ára og Cho og Yu (2020) segja að þegar velferð barna sé rannsökuð séu þau metin sem heild, sem einn hópur, og því yngri sem börnin eru því minna sé til af rannsóknum sem snúi að velferð þeirra. Cho og Yu (2020) segja algengasta viðfangsefni rannsókna á velferð barna vera tengsl og samskipti, að líkamlegt heilbrigði og andleg velferð séu í öðru og þriðja sæti og að skólareynsla sigli í kjölfarið sem númer fjögur. Það skortir því töluvert á að skólareynslu leikskólabarna sé gefinn nægur gaumur í rannsóknum, sérstaklega varðandi velferð þeirra og líðan. Andresen o.fl. (2019) áréttar síðan að skilgreiningar á velferð barna hafi gjarnan verið gerðar út frá sjónarhorni fullorðinna og því sé enn óljóst hvað börnin sjálf meti sem gæði eða velferð. Því virðist vanta upp á að börn fái tækifæri til að tjá sig um málefni sem að þeim lúta, sérstaklega börn á leikskólaaldri (Herczog, 2012). Þegar börn fá svo hins vegar tækifæri til að tjá sjónarmið sín má betur tryggja að hagsmunir þeirra séu hafðir að leiðarljósi, eða séu að minnsta kosti ræddir, í tengslum við skipulag leikskólastarfs (Anna Magnea Hreinsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir, 2012).

Aukin gæði leikskóla og velferð barna

Eins og fram hefur komið leggja sveitarfélögin sem lagt hafa í breytingar áherslu á að bæta gæði skólastarfs með velferð starfsfólks og barna að leiðarljósi. Melhuish (2014) segir gæði leikskóla skipta máli ef markmiðið er velferð barna til langframa og besta mögulega útkoma náist ef saman fara gæði skóla, opið aðgengi og viðráðanlegur kostnaður fyrir foreldra. Sex tíma gjaldfrjáls leikskóli og tekjutengdar greiðslur fyrir tíma umfram það er því leið til að mæta þeim forsendum sem Melhuish telur nauðsynlegar til að stuðla að velferð barna. Tayler o.fl. (2016) taka undir þetta og minna á að gæði skóla skipta máli, en á hinn bóginn sé ekki einhugur um hvaða gæði þurfi til. Hitt er ljóst að ef gæðum er ábótavant kemur það verr niður á börnum eftir því sem þau eru yngri eða ef þau standa höllum fæti að einhverju leyti (Melhuish o.fl., 2015).

Niðurstöður Camilli o.fl. (2010) sýna að það að vera í góðum leikskóla hefur margvísleg jákvæð áhrif á börnin, svo sem á vitrænan þroska og félagsþroska, en árangurinn byggir á virkni kennara annars vegar og hins vegar á að barnahópar séu fámennir. Hér eru nefndir tveir mikilvægir þættir sem skipta

máli í ljósi breytinganna, annars vegar að þau sem sinna menntun barnanna þurfa að vera til staðar og taka virkan þátt í því sem börnin eru að fást við og álag og undirmönnun vinnur gegn því. Hins vegar þarf að huga að fjölda barna, hvort heldur sem er í rýminu hverju sinni eða hve mörg börn kennari hefur í sinni umsjá í daglegu starfi. Leikskólaárin móta hvernig börn sjá sig sjálf, aðra og veröldina í kringum sig og jákvæð reynsla í samskiptum við fullorðna leggur grunninn að félags- og tilfinningalegri velferð barna (Bagdi og Vacca, 2005). Því er mikilvægt að í leikskólastarfi gefist gott svigrúm til að sinna þessum þáttum af vandvirkni og því ekki úr vegi að ætla að breytingar geti verið til góða. Það er í raun víða hægt að stíga niður fæti í rannsóknnum á velferð barna í leikskólaumhverfinu. Í yfirlitsrannsókn Baker-Henningham (2014) kom fram að til að hafa áhrif á andlega heilsu barna þyrftu nokkrir þættir að vera til staðar. Vinna þarf markvisst með hæfni barna á fjölbreyttum sviðum, þar með talið almennan þroska, sjálfstjórn og félags- og tilfinningalega hæfni. Starfsfólk þarf að hafa þjálfun í að vinna með fyrrnefnda þætti, meðal annars með því að veita tilfinningalegan stuðning, og að síðustu er mikilvægt að huga að andlegri heilsu starfsfólksins, áhugahvöt þess og trú á eigin getu. Meðal annarra orða, starfsfólk leikskóla þarf menntun og hæfni til að sinna þeim skyldum sem til er ætlast eða eins og Torii o.fl. (2017) segja, námstækifæri barna þurfa að vera vönduð ef þau eiga að skila árangri og því dugar ekki hvaða fyrirkomulag sem er til, ákveðnir grunnþættir þurfa að vera í lagi. Þannig eru sterk, jákvæð tengsl á milli leiks og velferðar barna og að fá að taka þátt skiptir máli (Storli og Sandseter, 2019). Leikur, sérstaklega leikur þar sem börnin eru virk hefur jákvæð áhrif á velferð þeirra (Sando og Sandseter, 2020) og leikur sem reynir á, bæði líkamlega og andlega, er mikilvægur (Sando o.fl., 2021). Velferð barna virðist því byggja á að þau hafi tíma til að leika sér, rými til að hreyfa sig, bæði úti og inni, og færi á að takast á við áskoranir í leik. Herrington og Brussoni (2015) segja leiktíma barna hafa dregist saman með tímanum og minna á að tækifæri til að leika eru mikilvægur þáttur í velferð barna. Allar breytingar sem vinna að því að efla leiktíma barna og gefa þeim meiri tíma til að læra í gegnum leik með stuðningi kennara eru því jákvæð skref. Hörður Svavarsson (2022) hefur hins vegar bent á að börn í íslenskum leikskólum séu mörg í litlu rými með tilheyrandi takmarkandi áhrifum á leik þeirra og viðfangsefni, og þá einnig velferð barnanna.

Velferð leikskólabarna hefur verið viðfangsefni nokkurra rannsókna hérlendis og má nefna rannsóknir í kjölfar covid-faraldursins sem sýndu að starfsfólk og foreldrar mátu líðan barna betri á tímum samkomubanns og tengdu það færri börnum, meira rými (Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Svava Björg Mörk, 2020) og auknum tíma með fjölskyldunni (Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Jörunn Elíadóttir, 2023). Rannsókn Söru M. Ólafsdóttur og félaga (2020) sker sig úr að því leyti að þar er leitað eftir sjónarhorni barnanna á reynslu þeirra af covid-tímabilinu. Upplifun barnanna var mismunandi og sum upplifðu góðan tíma þegar fækkaði í hópnum á meðan önnur söknuðu vina sinna – atriði sem vert er að hafa í huga í rekstri og starfi skóla. Að lokum má nefna rannsókn Önnu Magneu Hreinsdóttur og Kristínar Dýrfjörð (2021), sem gefur nýja sýn á hvernig leikskólabörn upplifa tímann í leikskólanum. Niðurstöðurnar sýna að börnin meta vináttu annarra barna sem mikilvæga og einnig að taka þátt í margs konar viðfangsefnum sem hafa gildi fyrir þau sjálf.

Mashford-Scott og félagar (2021) segja óljóst hvað velferð barna er í raun, hvað þá hvernig megi mæla hana eða efla. Þau telja það vera mikilvægan þátt í að efla velferð barna í leikskólum að samfélagið skilji hvernig börnin sjálf upplifa velferð og Ben-Arieh o.fl. (2014) áréttar að sjónarmið barna eigi að vera þáttur í rannsóknum sem snúa að málefnum er þau varða. Hér hafa sveitarfélögin og skólasamfélagið allt svigrúm til að bæta um betur og gefa leikskólabörnum færi á að leggja sitt til málanna. Það getur verið kúnst að finna leiðir sem henta til að ná fram sjónarmiðum leikskólabarna en ekki má horfa fram hjá því að ung börn geta átt merkingarbær samtöl um samfélagsleg málefni og sjónarmiðum þeirra má ná fram með fjölbreyttum aðferðum þó þær henti misvel (Alaca o.fl., 2017; Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Kristín Dýrfjörð, 2019). Viðeigandi rannsóknaraðferðir eru því mikilvægur þáttur í að ná fram sjónarmiðum leikskólabarna (Chadwick og Webster, 2010) en benda má á leiðir við athuganir og skráningar sem tíðkast í leikskólum og henta til að ná fram sjónarmiðum barna (Helena Sjørup Eiríksdóttir og Anna Elísa Hreiðarsdóttir, 2024).

Markmið og rannsóknarspurningar

Gögnin sem hér er unnið með eru hluti af stærri rannsókn þar sem ákvörðunum tveggja sveitarfélaga um breytingu á rekstrarfyrirkomulagi er fylgt eftir. Sveitarfélögin sem um ræðir eru Akureyri og Kópavogur og er tilgangurinn að skoða hvort markmið bæjarfélaganna með breytingunum nái fram að ganga. Markmið sveitarfélaganna var að efla leikskólann og setja hag barna á oddinn (Kópavogsbær, 2023) og að bæta vinnuumhverfi og vinnuaðstöðu með velferð starfsfólks og barna að leiðarljósi (Akureyrarbær, 2023).

- Í greininni er áherslan á þann hluta rannsóknarinnar sem snýr að áhrifum breytinganna á velferð barna út frá sjónarhorni skólastjórna og deildarstjóra. Rannsóknarspurningarnar eru:
- Hver er reynsla stjórna, deildarstjóra og starfsfólks leikskóla af áhrifum breytinga á rekstrarumhverfi skólanna á starfið með börnum?
- Hver er reynsla stjórna, deildarstjóra og starfsfólks leikskóla af áhrifum breytinga á rekstrarumhverfi skólanna á líðan barna?

Aðferð

Rannsóknin er yfirstandandi og fer fram í 17 leikskólum í sveitarfélögum þar sem gerðar voru breytingar á rekstrarfyrirkomulagi leikskóla. Í þeim hluta sem hér er kynntur er meðal annars unnið með eigindleg gögn enda henta þau vel til að skoða reynslu fólks og upplifun af breytingum af þessu tagi (Creswell, 2013).

Tvö sveitarfélög voru valin til þátttöku í rannsókninni; Akureyri og Kópavogur. Ástæðan fyrir því er að nálgun og áherslur þessara sveitarfélaga í breytingum eru líkari en annarra, en um leið er vert að minna á að framkvæmdin innan þeirra er þó ekki eins. Sótt var um leyfi fyrir rannsókninni til sveitarfélaganna tveggja og þegar það lá fyrir var rannsóknin kynnt fyrir skólastjórnendum í samráði við yfirmenn skólamála. Skólastjórnendum gafst þar færi á að spyrja um rannsóknaráætlunina og einstaka þætti hennar. Allir skólarnir sem taka þátt í rannsókninni eru reknir af bæjarfélögum. Átta þeirra eru á Akureyri, þ.e. allir skólarnir sem staðsettir eru í þéttbýlinu, en bæjarfélagið rekur einnig lítinn leikskóla í Hrísey sem ekki er hluti af rannsókninni. Í Kópavogi lýstu níu skólar sig tilbúna til samstarfs en bæjarfélagið rekur 19 leikskóla. Sú ákvörðun var tekin að hafa alla níu skólana með í rannsókninni fremur en að velja út átta skóla til samræmis við töluna á Akureyri. Stærð skólanna er á bilinu fjórar til sjö deildir. Alls eru deildirnar 95 í skólunum 17; 45 á Akureyri og 50 í Kópavogi.

Gagnaöflun og úrvinnsla

Gögnin sem hér er unnið með felast í rýnivíðtölum við skólastjórnendur leikskólanna 17 og í þremur spurningakönnunum sem sendar voru á starfsfólk í sömu skólum, til a) skólastjórna, b) deildarstjóra og c) starfsfólks sem vinnur með börnum. Gagnaöflun lauk í júní 2024 en þá var liðið hálft skólaár frá því breytingarnar tóku gildi á Akureyri en heilt skólaár í Kópavogi.

Spurningarammar fyrir rýnivíðtölin og spurningakannanir voru samdir sérstaklega fyrir rannsóknina og var áherslan í rýnivíðtölum á undirbúning fyrir breytingarnar, innleiðingu þeirra og áhrifin sem greina má af þeim. Spurningar voru hálfopnar til að gefa viðmælendum nauðsynlegt svigrúm til að greina frá reynslu sinni án of mikilla takmarkana (Brinkmann og Kvale, 2015). Spurningar rýnivíðtala snerust um innleiðingu breytinganna í skólunum, áhrifin á starf skólastjórna en einnig var spurt um tækifæri og möguleika sem fylgdu breyttu rekstrarumhverfi en einnig um áskoranir og verkefni. Sem dæmi var spurt um: Hvaða hindranir hefur þú tekist á við í breytingaferlinu? Fyrir rýnivíðtöl var leikskólum raðað af handahófi í tvo hópa í hvoru sveitarfélagi um sig og var bæði skólastjórum og aðstoðarskólastjórum boðið að mæta. Rýnivíðtöl voru tekin í febrúar 2024 og voru þátttakendur samtals 20 í fjórum víðtölum sem tóku 1–1½ klst. Unnið var úr rýnivíðtölum með því að kóða atriði sem sneru að starfinu og börnunum, og þá að því sem var sambærilegt og hinu sem bar á milli.

Spurningakannanir tónuðu að því leyti við spurningar í rýnivíðtölum að spurt var um innleiðingu breytinganna en meiri áhersla var lögð á áhrifin á innra starf skólanna, t.d.: Hvaða áhrif hafa breytingarnar haft á leik barna? Sambærilegar spurningar voru um samskipti, vinnufrið og viðfangsefni. Dæmi um spurningar eru listar af atriðum þar sem spurt var: Hvaða áhrif telur þú breytingarnar hafa haft á eftirfarandi þætti? Svarmöguleikar voru engin áhrif, frekar lítil áhrif, frekar mikil áhrif eða mjög mikil áhrif. Lögð var áhersla á bæði tækifæri og hindranir en sumar spurningar gáfu einnig möguleikann: Viltu útskýra svar þitt? Sá möguleiki var vel nýttur og gaf dýpt í svörin. Spurningarnar sem unnið er með hér snúa að starfinu með börnum og líðan barna og byggja á svörum við opnum spurningum.

Spurningakannanir voru rafrænar og settar upp í SurveyMonkey (e.d.). Rafræn spurningakönnun varð fyrir valinu því hún gefur kost á að safna gögnum á skömmum tíma og svör í slíkum könnunum eru talin sýna sterk tengsl milli þess sem fólk segist gera og þess sem það gerir (Þorlákur Karlsson, 2003). Skólastjórnendur höfðu milligöngu um að senda kannanirnar í tölvupósti á deildarstjóra og starfsfólk í viðkomandi skólum. Svörun við spurningakönnunum var góð; 22 svör bárust frá skólastjórnendum, 84 frá deildarstjórum og 187 frá öðru starfsfólki. Hér er unnið með þær spurningar í könnuninni sem tengjast starfinu, börnunum og velferð þeirra.

Úrvinnsla á spurningakönnun fólst í samanburði á gögnum úr könnunum þremur þar sem áhersla var á spurningar um börnin. Einnig voru opnar spurningar kóðaðar með því að leita að mynstri, þemum og líkindum (Miles og Huberman, 1994). Tvö meginhugtökin sem oftast komu upp í tengslum við breytingarnar voru vinnutímastytting og skráningardagar og þemun voru annars vegar tengd starfinu í skólanum almennt; skipulagið, barnahópurinn sem heild eða einstaka börn og hins vegar áhrifum breytinganna á leik barna, á samskipti starfsfólks og barna, samskipti barna á milli, vinnufrið barna, viðfangsefni barna og að lokum líðan barna.

Mikilvægt er að hafa í huga að niðurstöður eiga einungis við breytingar í fyrrnefndum sveitarfélögum en þær geta gefið vísbendingar um möguleg áhrif af sambærilegum breytingum annars staðar. Athygli er vakin á að í niðurstöðum er rætt um áhrif breytinganna á börnin út frá sjónarhóli fullorðinna; starfsfólks leikskóla, en ekki var rætt við börnin sjálf og það þarf að hafa í huga við túlkun á niðurstöðum. Á síðari stigum rannsóknar verður hugað að því að ná fram reynslu barna af breytingunum.

Niðurstöður

Hér eru dregnar fram niðurstöður úr rannsókn sem fór fram í 17 leikskólum í sveitarfélögum Akureyri og Kópavogi. Niðurstöður byggja á gögnum úr rýnivíðtölum og spurningakönnunum til skólastjórnenda, deildarstjóra og starfsfólks leikskóla um reynslu þeirra af breytingum á rekstrarfyrirkomulagi leikskóla í þeirra sveitarfélagi. Niðurstöður eru afmarkaðar við hvernig svarendur upplifðu reynsluna af breytingunum á innra starf skóla með áherslu á þá þætti sem snúa að börnum og meginþemun eru tvö; áhrif breytinganna á starfið með börnum og áhrif breytinganna á líðan barna. Til aðgreiningar er valin sú leið að fjalla um skólastjórnendur þegar vísað er í gögn frá skólastjórum og aðstoðarskólastjórum þó að ljóst sé að í raun eru deildarstjórar hluti af stjórnendateymi skólanna.

Af svörum fólks má sjá að ástandið í leikskólunum var þungt áður en til breytinganna kom, og allir hóparnir ræddu mikið álag og erfiðar starfaðstæður. Skólastjórnendur og deildarstjórar tengdu það meðal annars við vinnutímastyttinguna sem gat þýtt undirmönnun með tilheyrandi áhrifum á starfið og þar með líðan starfsfólks og barna:

Við erum öll þannig að okkur finnst gott að fylgja skipulagi og við finnum það líka á starfsfólkinu um leið og þau þurfa að breyta eitthvað út af sínu að þá verður alltaf eitthvað svona ó, æ, þú veist svona þínu uppgjöf en allir rosalega sveigjanlegir og til í hvað sem er sko. En ég held kannski bara að við höfum verið komin að þolmörkum, varðandi þennan sveigjanleika og að hlaupa, þú veist það er bara, já ég held að allir hafi verið komnir þangað.

Í báðum sveitarfélögum var haft var samráð við starfsfólk skóla í aðdraganda breytinganna. Leikskólastjórnendur á Akureyri voru með í ráðum í undirbúningsferlinu og þau lögðu áherslu á að gjaldfrjálsi tíminn væri afmarkaður við kl. 8–14. Ástæðan að baki því að vilja festa þennan tíma var að á þeim tíma fer fram skipulagt starf og mikilvægt er að geta haldið úti samfelldu skipulögðu starfi með öllum börnunum á sama tíma. Þau töldu einnig mikilvægt að börnin myndu hefja skóladaginn á sama tíma og sumum hópum væri það mikilvægara en öðrum. Í Kópavogi geta foreldrar valið tvö tímabil til að nota gjaldfrjálsa tímann, 8–14 eða 9–15. Þar var stofnaður starfshópur og haldnir samráðsfundir með hagsmunaaðilum til að vinna að undirbúningi breytinganna, og einn skólastjórnandi sagði:

... en þetta var flottur fundur og allir að koma með mjög mikið af flottum hugmyndum og svo var þetta dregið svona saman, hvað fólki fannst vera svona aðalatriðin til þess að bæta starfsumhverfið og hvað þarf til að búa til betra umhverfi fyrir börnin.

Í kjölfarið var settur á fót vinnuhópur og fundað með fulltrúum foreldra. Einn skólastjórnandi sagði um þann fund:

Mér fannst svolítið merkilegt á þessum samráðsfundi þar sem voru fulltrúar úr leikskólunum hvað það var bara samhljómur í öllum röddum. Það var uppgjöf ... það var komið brot alls staðar og mér fannst magnað að sjá ... tillögur frá þessum hóp. Að þær hafi náð að raungerast, það hafði aldrei hvarflað að mér; að það væri lokað í vetrarfríunum, jól og páska ... það var bara vá. Ég hef trú á þessu.

Í báðum sveitarfélögum lýsti starfsfólk aðstæðum sem einkenndust af álagi, þörf fyrir breytingar og vilja til að halda í samfelldan skólatíma þar sem öll börnin væru á sama tíma í skólanum.

Áhrif á starfið

Það er skýrt samhengi á milli svara fólks og tveggja atriða í breytingunum; hve mikið skólatími barna hefur breyst og hvernig skráningardagar eru nýttir. Þar sem breyting á skólatíma var lítil og/eða skráningardagar mikið nýttir fann fólk minni, eða engin, áhrif en svörin sýndu að það þurfti ekki mikla fækkun barna til að hafa jákvæð áhrif á starfið og á börnin.

Skólarnir eru misstórir, allt frá 4 til 7 deilda og barnafjöldi því mismikill milli skóla. Af svörum skólastjórnenda má sjá að í meira en helmingi skóla (54,55%) hafði skólatími barna breyst umtalsvert en í 18,18% hafði hann breyst lítillega, enginn merkti við svarmöguleikann engin breyting. Sex skólastjórnanda (27,27%) völdu að svara einungis opnum möguleika og öllum tilvikum nefndu þau einhverja breytingu. Þegar litið er á fækkun barna á einstaka deildum þá sögðu deildarstjórar að skólatími hefði breyst umtalsvert á helmingi deilda (50%) en lítillega á 39,29% deilda. Alls 10,71% deildarstjóra sögðu að skólatími væri nánast hinn sami á þeirra deild og var fyrir breytingarnar.

Töluverður munur var á milli skóla á hve mikið skólatími hafði breyst og einn skólastjórnandi sagði: „Miklar breytingar hjá okkur en mjög margir með sveigjanlegt [plan].“ Í einhverjum tilvikum urðu litlar breytingar á viðveru barna: „Ég er ekkert að sjá rosalega hjá mér að hann [dagurinn] deyi svona mikið út“ sagði einn skólastjórnandi. Aðrir töldu breytinguna ekki umtalsverða en fram kom að breytingar á skólatíma barna þýddu að á ákveðnum tímabilum væru börnin færri í skólanum og hægt að sinna betur þeim börnum sem væru mætt, auk þess sem þá gæfist svigrúm fyrir starfsfólk að taka undirbúningstíma eða vinnutímastyttingu. Allt væru þetta taldir mikilvægir þættir við að létta af álagi á skólastarfið og skólastjórnandi orðaði áhrifin á þessa leið:

En maður finnur bara að fólk er rólegra og það er jafnvel eins og til dæmis á elstu deildunum þá er kannski hægt að ná upp að vinna upp undirbúning á þessum tíma ef það eru nógu margir starfsmenn og nógu mikil fækkun [barna].

Umræðan um ró var beintengd við álag og stress sem viðmælendur töldu að hefði minnkað, ekki síst þegar betur gekk að mæta vinnutímastyttingu án þess að það þýddi að undirmannað væri í

skólanum. Hér er dæmi úr svörum starfsfólks: „Dagurinn byrjar rólega og endar rólega. Okkur gefst betur tækifæri til þess að eiga gæðastundir með börnunum og eiga dagleg samskipti við foreldra.“ Reynsla flestra deildarstjóra af breytingunum var einnig jákvæð: „Ég upplifi eingöngu jákvæð áhrif, á börn, starfsfólk og starfsumhverfi leikskóla sem er gjörbreytt,“ og fleiri tóku undir það. Í svörum starfsfólks mátti sjá sömu upplifun: „Við finnum mun á ákveðnum börnum. Þau eru yfirvegaðri, njóta sín betur og líður almennt betur.“ Starfsfólk nefndi atriði sem ekki komu fram hjá öðrum svarendum og tengdust reynslu sumra barna af skráningadögum þegar þau mættu en vinirnir ekki: „Þetta hefur jákvæð áhrif á kennara/starfsfólk. Minna áreiti, hávaði, minna álag. Gæti haft áhrif á einstaka börn, félagar fara heim o.p.h. Hefur samt ekki verið vandamál í mínum skóla.“ Annað svar var á sömu nótum: „[það er] erfitt fyrir börn að skilja af hverju er ég alltaf í leikskólanum en ekki vinur minn.“

Deildarstjórar fundu mun á að börnin væru minna þreytt og námstækifærin betri: „Börn eru hressari, möguleiki á að vinna meira á deildinni, bæta heildarstarfið og kennsluhætti.“ Almennt nefndi fólk minna álag og áreiti: „Börnin njóta góðs af í upphafi og lok dags er mun rólegra, gæðastund. Foreldrar tala margir um að finna mun á að koma inn á deild, meira jafnvægi á börnunum.“ Einnig kom sumum á óvart hve breytingin var mikil:

Ég er alls ekki fyrir það, það tal að það sé einhver tími í skólanum sem sé ekki mikilvægari en annar í leikskóla, það er ekki síður mikilvægur tíminn seinni partinn þegar börnin eru þreytt og það finnum við núna að dagurinn fjarar út. Það er miklu rólegra og það kom mér á óvart ... og þetta hefur bara létt mikið á, þannig ég er mjög ánægð með þetta í dag.

Hjá öllum hópum svarenda kom fram að þegar börnum fækkaði ögn, og var ítrekað að það þyrfti ekki svo mikla fækkun barna til að gera gæfumun, og þegar ekki væri undirmannað s.s. vegna vinnutímastyttingar, þá skilaði það sér í að gæði starfsins yrðu meiri og starfsfólk nefndi að hafa meiri tíma til að sinna börnum, bæði einstaklingunum og hópnum. Sömu atriði hefðu, samkvæmt niðurstöðum, einnig áhrif á fleiri þætti, svo sem á samskipti barna, vinnufrið barna og á leikinn, námsleið barnanna. Einn deildarstjórinn sagði:

Maður finnur líka bara á leiknum, maður tekur eftir því, því ég er búinn að vera mikið á elstu deild núna svona seinni partinn og það hefur verið að fara svona hægt út og einmitt þá fjarar dagurinn út með þeim og maður finnur bara að leikurinn er bara betri, bara þennan, seinustu tvo tímana, bara minna um árekstra.

Fleiri dæmi sem styðja þetta mátti finna í svörum deildarstjóra: „Við verðum einhvern veginn að halda þessu á lofti með leikinn og bara börn þurfa líka næði [til að leika] og þau fá það núna.“ Svörin endurspeglu að næði, ró og meiri tími til að leika sér leiðir af sér dýpri leik og færri árekstra: „Það er allt bara eitthvað svo ofboðslega yfirvegað og það er bara svo ótrúlega flott bara starfið.“ Deildarstjórar og starfsfólk nefndu færri árekstra þegar börnin voru færri og að þá skapaðist meiri vinnufriður til náms og leikja.

Áhrif á börnin

Sá hluti breytinganna á rekstrarumhverfi leikskóla sem hafði í för með sér möguleikann á færri börnum á ákveðnum tímum eða dögum og hvernig það leiddi af sér tryggari mönnun í leikskólanum hafði að mati svarenda áhrif á gæði starfsins og líðan barnanna. Þetta kom skýrt fram hjá öllum hópnum þremur sem spurningakannanirnar voru sendar á og í svari starfsfólks kom fram útskýring: „Allir eru í betra jafnvægi þegar sjaldan er mann- og tímaþröng.“ Bæði deildarstjórar og starfsfólk sögðu gæðastundirnar inni á deild fleiri og þá ekki síst fyrir þau börn sem væru allan daginn: „Meiri gæðastundir fyrir þau börn, og með þeim börnum sem byrja fyrr og/eða eru lengur.“ Annar deildarstjóri dró ávinninginn saman á þessa leið:

Mér finnst hreinlega, aðallega náttúrlega fyrir börnin sem er með langan dvalartíma þau eru ekki í þessu mikla áreiti, þau fá meiri þjónustu. Þeim er sinnt betur. Bæði í upphafi og lok dags. Það er meira svona um þetta einstaklingsmiðaða nám myndi ég segja heldur en hópurinn. Við fáum betri persónulegri tengsl.

Nefnt var að þetta væri tími til að njóta, jafnvel þó að starfsfólki fækkaði á deildum á þessum tíma, og skólastjóri sagði:

[Við] erum öll með þannig börn [sem eru allan daginn, alla daga], þessi börn eru að upplifa rólegri tíma, þau eru að upplifa betri þjónustu, þau eru að upplifa að það róist líka dagurinn þeirra frá klukkan tvö. Ég held að þau séu meira að blómstra heldur en áður, sama hvort það er að þau nái sér niður eða, eða nái svona one on one, meira sambandi við þá annaðhvort félag eða starfsfólk.

Í öllum spurningakönnunum kom fram að breytingarnar gætu skilað jákvæðum áhrifum fyrir alla hópa barna eins og kristallaðist í svari frá starfsfólki: „Börnin græða – bæði þau sem eru í leikskólanum (færri börn og fá þá aukið rými til að leika og enda daginn rólega) og þau sem fara fyrr heim (gæðastund með sínu nánustu).“ Annar sagði: „[landrúmsloftið er] afslappaðra, börnin sem eftir eru fá rólegri leik og samskipti.“ Fólk taldi sig líka finna mun á þeim börnum sem hafa styttri skólatíma en áður: „Börn sem stytta tímann ... koma glðari ... fara sáttari heim.“ Allir hópar svarenda nefndu börn í jaðarhópum og börn sem þyrftu viðbótartíma, og þá oftast á þann veg að færri börn og betri mönnun skilaði sér til þessara hópa barna: „Þeim virðist heilt yfir líða betur, sérstaklega [þeim sem] eru með stuðning.“ Einn deildarstjórinn sagði: „Mér finnst þetta frábært fyrir börn með sérþarfir, bæði því þau geta annaðhvort farið fyrr heim eða verið í minni hópum því önnur börn fara heim. Kennarar eru betur í stakk búnir til að mæta þessum einstaklingsþörfum.“

Svarendum var tíðrætt um langan skóladag leikskólabarna, hve mörg börn væru í hverju rými í leikskólum og áhrifin sem það hefði á nám og líðan barna. Umræðan var meira áberandi hjá skólastjórnendum og deildarstjórum þó hún kæmi líka fram í svörum starfsfólks. Í rýnivíðtölum við skólastjórnendur kom fram að þau attriði væru: „Eitthvað sem við erum búin að vera tala um í mörg ár að þyrfti að fækka um tvö, þrjú börn á öllum deildum.“ Skólastjórnendahópurinn var sammála um þetta; „akkúrat“, „já“, „skiptir rosa máli“, og vildi ekki láta deigan síga í baráttunni fyrir að fækka börnum á deildum. „Það eru of mörg börn á kennara“, sagði einn skólastjórnandinn og annar staðfesti það og sagði: „Í rými, já. Það er bara þannig.“ Þriðji skólastjórnandinn útskýrði: „Við erum svolítið að sjá þetta núna þú veist, þessi umræða hér, þetta endurspeglar ... hvað okkur líður betur þegar við erum færri.“ Annar sagði: „Þetta hefur náttúrlega verið svakalegur erill, mikið, og bara finna það að þau eigi líka gæðatíma.“

Einn skólastjórnandi sagði: „Mér finnst þetta líka áberandi og mér finnst ég vera aðeins að sjá meira að segja bara hegðunarbreytingu.“ Fleiri tóku undir:

Um leið og fækkar börnum bara eins og við saum eitt af því sem við lærðum í covid, var ef börnunum fækkaði í rýmum þá minnkuðu árekstrar og börnunum leið sumum bara býsna vel af því að það var orðið rólegra umhverfi og mér finnst ég sjá með þessi börn sem eru svolítið á gráa svæðinu, sem þola það ekki að setjast aðeins hérna nálægt mér skilurðu og þá endar á því að ég verði alveg vitlaus, þau eru ekki að fá þetta áreiti. Þannig að þeim líður bara betur og mér finnst það mjög athyglisvert.

Dæmi voru um að foreldrar hefðu rætt við starfsfólk leikskóla um að börnunum liði vel eftir breytinguna, bæði með að koma í leikskólann og líka þegar þau kæmu heim á daginn. Einn skólastjórnandi sagði: „Andlega líður bæði börnum og starfsfólki betur eftir þessa breytingu, við erum að sjá mun og við erum að byrja í febrúar. Það er bara mánuður liðinn, í dag,“ og dró fram mikilvægan þátt í að breytingarnar virtust skila árangri strax.

Langur skóladagur leikskólabarna var umræðuefni í rýnivíðtölum:

Við höfum verið að tala um þennan langa skóladag, mjög ungra barna, ég held við séum bara með lítil börn í allt of mikilli keyrslu. Bara allan daginn og þau eru svo rosalega ung þegar þau eru farin að fara í íþróttir og alls konar prógram eftir langan vinnudag í leikskólanum ... að ég held í rauninni að hluti af þessum óróleika í börnunum er kannski þínu heimatilbúinn af því það er aldrei ró en núna finnst manni einmitt að þau eru rólegri.

Í sumum skólum lýsti fólk þróun í þá átt að allra yngstu börnin væru ekki fulla átta tíma á dag í skólanum og starfsfólk þessara skóla taldi unga foreldra meðvitaða um að það gæti verið gott fyrir börnin að hafa tíma með foreldrum fremur en að vera langan dag í leikskólanum:

Mér finnst mjög jákvætt að yngstu börnin á yngstu deildinni okkar ... að minnsta kosti undanfarin tvö, þrjú ár þá hafa alltaf verið börn sem fara heim klukkan tólf og klukkan eitt og klukkan tvö. Og þeim hefur fjölgað núna ... það geta greinilega margir foreldrar haft börnin sín styttra og það er mjög jákvætt fyrir þessi litlu börn.

Annars staðar voru yngstu börnin sá hópur sem var hve lengst í skólanum dag hvern:

Í fyrra þá skárum við okkur mikið úr af öllum yngstu deildunum, í sumum leikskólum voru engin [börn] að fara fyrir en bara korter yfir fjögur á yngstu deildunum, á meðan það var alltaf einhver að fara einmitt tólf, eitt og tvö á yngstu deildinni hjá okkur.

Skólastjórnendur töldu mikilvægt fyrir nám og líðan barna að hafa fagfólk við vinnu allan skóladaginn og starfið skipulagt svo þannig mætti verða. Þau sögðu mikilvægt að fólkið sem starfaði með börnunum vissi hvað það væri að gera, þekkti börnin og hefði faglega færni til að mæta börnunum og foreldrum á þessum tíma sem öðrum. Í svörum deildarstjóra og starfsfólks voru atriði nefnd fáeinum sinnum, s.s. að breytilegur vistunartími gæti verið ruglandi fyrir börnin, að meiri stöðugleiki gæti verið til bóta fyrir börnin, að sum börn langaði að hætta fyrir þegar þau sæju vini sína fara heim og að það væri ekki tryggt að þau börn sem hefðu gott af því að vera lengur í leikskólanum væru þar umfram sex tímana ef foreldrar kysu að spara við sig skólagjöldin.

Niðurstöður úr bæði rýnihópum og spurningakönnun sýndu skýrt að þátttakendum fannst mikilvægt að bæjarfélögin breyttu ekki forsendunum sem nú liggja fyrir því það myndi sjálfkrafa gera skólunum erfitt fyrir við að manna vinnutímastyttinguna og að, einhverju leyti, undirbúning starfsfólks. Viðmælendur bentu á að auðvelt væri að „rýna í Excel-skjölín“ – sjá að það væri vel mannað seinni partinn og draga þá ályktun að hægt væri að fækka stöðugildum. Slíkar ákvarðanir myndu sjálfkrafa draga til baka allar jákvæðar afleiðingar breytinganna, s.s. gæðatímanna seinni partinn og árangurinn sem hefði náðst í betri líðan og meiri leik barnanna. Álag á starfsfólk og stjórnendur yrði aftur meira, með tilheyrandi ófyrirséðum afleiðingum á börnin, starfið og starfsfólkið.

Umræður

Áhersla á velferð barna er skýr í íslenskri menntastefnu eins og sjá má á lagasetningu, stefnum og áherslum í grunnþáttum menntunar. Því er jákvætt að sjá breytingar á rekstrarumhverfi leikskóla taka mið af stefnunni með þeim hætti sem sést í markmiðum sveitarfélaganna. Gjaldfrjálsir sex tímar og skráningardagar hafa skapað ákveðið svigrúm í leikskólunum, svigrúm sem nýtt er til að mæta vinnutímastyttingu og minnka daglegt álag. Minna má á að álag í leikskólum var viðvarandi og umtalsvert þegar breytingarnar tóku gildi (Hjördís Sigursteinsdóttir, 2023; Kristín Dýrfjörð, 2019) og vinnutímastyttingin 2021 jók enn á (Kennarasamband Íslands, 2021). Í leikskólunum var erfitt um vik að mæta vinnutímastyttingu starfsfólks í 36 stunda vinnuviku, í skólum þar sem opnunartími er að lágmarki 8,5 stundir á dag eða 42,5 klukkustundir á viku. Breytingar sem hafa áhrif á starfsumhverfi í leikskólum þarf að ígrunda vel í ljósi þess hvaða áhrif þær geta haft í skólunum, á gæði skólastarfs og á börnin, bæði á námsumhverfi og þætti er snúa að velferð þeirra. Slík ígrundun þyrfti að fara fram í undirbúningi breytinga, í ferlinu sjálfu og eftir að þær hafa fest sig í sessi.

Rannsóknarspurningar sem lagt var upp með voru tvær og snerust um áhrif breytinganna á starfið með börnum annars vegar og hins vegar á líðan barna. Jákvæður árangur breytinganna byggir á þeirri forsendu, samkvæmt niðurstöðum, að skólatími sumra barna styttest og að ekki sé full mæting á skráningardögum. Breytingarnar stuðluðu að meiri stöðugleika og betri mönnun inni á deildum sem þýddi að starfsfólk var til staðar með tilheyrandi möguleikum á vandaðra starfi, betri samskiptum og meiri tíma með börnunum. Því má álykta að gæði skólastarfsins hafi aukist, og þar með gæði menntunar með tilheyrandi áhrifum á velferð barna, en eins og Tayler o.fl. (2016) hafa bent á þá er vandað skólastarf eitt af forsendunum fyrir velferð barna, ekki síst velferð til langframa. Misjafnt er milli skóla hve mikið skólatími barna breyttist og hvernig skráningardagar eru nýttir. Í sumum skólum var breytingin lítil sem engin, það er skólatími barna breyttist lítið og skráningardagar eru mikið nýttir. Í þessum skólum náðist ekki sami árangur og þar sem breytingarnar voru meiri og skráningardagar minna nýttir. Það er því ástæða fyrir rekstraraðila leikskóla að huga sérstaklega að þeim skólum þar sem áhrifanna gætir minnst.

Svo vikið sé að seinni spurningunni um áhrif breytinganna á líðan barna þá kemur fram að þær geta haft jákvæð áhrif á leik barn og á samskipti ef börnum fækkar. Baker-Henningham (2014) hefur einmitt bent á mikilvægi félags- og tilfinningalegra þátta á andlega heilsu barna og til að svo megi verða þarf vandað leikskólastarf sem styður við jákvæð samskipti, vináttu og leik barna. Rými barna í leikskólum, eða öllu heldur skortur á rými, var viðfangsefni rannsóknar Harðar Svavarssonar (2022) og niðurstöður hans eru verðugt umhugsunarefni fyrir þá sem reka leikskóla. Börn þurfa rými til að hreyfa sig og leika sér, þau þurfa rými til að líða vel. Börn þurfa pláss til að vera og dafna, ekki síst í leikskólanum þar sem mörg börn eru allan daginn. Umhugsunarefni er hvaða áhrif það hefur haft á leikskólastarf, og þar með velferð leikskólabarna, að fjarlægja úr reglugerðum skýr viðmið um fjölda barna á kennara og fjölda barna í rými í leikskólum (reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995). Endurskoðun á því er vel tímabær og leið til að tryggja tiltekin gæði og jafna stöðu barna og starfsfólks á milli sveitarfélaga. Vanda þarf til slíkra viðmiða og gæta þess að velferð barna sé höfð að leiðarljósi en minna má á að niðurstöður í þessari rannsókn sýna að ekki þarf mikla fækkun til að ná jákvæðum árangri. Skólatímum í skólunum í rannsókninni fækkaði um 0,41 klukkustund á dag á Akureyri og 0,6 klukkustund í Kópavogi (Erna Rós Ingvadóttir, munnleg heimild, 15.3.2024; Kópavogsbær, 2024). Rífa má upp reynsluna af covid þar sem takmarkanir á mætingu barna leiddu af sér aukna velferð og var þá sama hvort rætt var við foreldra eða starfsfólk; báðir hópar fundu þennan mun (Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Svava Björg Mörk, 2020). Sama var uppi á teningnum þegar börnin sjálf voru spurð og sögðu sum barnanna að þau upplifðu góðar stundir þegar börnin voru færri (Sara M. Ólafsdóttir o.fl., 2020). Færri börn og meira rými er því árangursrík leið til að vinna að velferð barna, hvort heldur er vegna þess að þá er áreitið minna, tækifærum til að eiga jákvæð samskipti við jafningja og jafnvel starfsfólk fjölga eða börnin hafa meiri tíma og næði til að leika sér. Vissulega má vinna að fækkun barna með öðrum leiðum en gert er í gegnum breytingar sveitarfélaganna en í ljósi áhrifanna af að börnum fækkar lítillega er full ástæða til að íhuga leiðir til þess.

Sjálfsprottinn leikur er meginnámsleið barna í leikskóla og það að börnin hafa meiri frið til að leika sér og að gæði leiksins eru meiri en áður eftir breytingarnar eru þættir sem skipta máli fyrir nám og þroska barna (Lee o.fl., 2020; Storli og Sandseter, 2019). Sando og Sandseter (2020) hafa líka bent á að umhverfi þar sem er næði til að gleyma sér í leik er umhverfi sem styður við velferð barna. Sama á við um leik þar sem börnin ná dýpt í leikinn og geta gleymt sér í áskoruninni sem leikur getur boðið upp á (Sando o.fl., 2021). Samskipti við jafningja og félagsleg tengsl skipta börn máli og í rannsókn Önnu Magneu Hreinsdóttur og Kristínar Dýrfjörð (2021) kemur fram að það að eiga vini, hafa leikfélag og geta tekið þátt í sjálfsprottinum leik eru þættir sem börn meta sem hluta af eigin velferð. Leikskólaumhverfi sem styður við fyrrnefnda þætti er því eftirsóknarvert og getur verið liður í að efla velferð barna.

Að lokum má nefna að víða í gögnum má finna dæmi um að fólk hefur varann á og óttast að breytingarnar verði dregnar til baka eða þeim fylgt eftir með einhverjum þeim hætti sem kemur niður á árangrinum sem hefur náðst fyrir leikskólastarfið. Leikskólar reknir af sveitarfélagi eru undir þann hatt settir að við kosningar geta áherslur sveitarfélagsins breyst, og um þetta er starfsfólk meðvitað.

Rannsóknir sýna mikilvægi þess að leita sjónarmiða barna og gefa þeim rödd í ákvörðunum sem snúa að velferð þeirra (Ben-Arieh o.fl., 2014; Mashford-Scott o.fl., 2021), en það á til að gleymast með yngri börnum (Cho og Yu, 2020; Fane o.fl., 2020). Breytingarnar sem hér er fjallað um komu til í ákveðnum aðstæðum. Álag var mikið ekki síst vegna vinnutímastyttingar. Rannsóknin dregur fram mikilvægi þess að allar breytingar sem hafa áhrif á leikskólastarf, hvort heldur þær eru tilkomnar með kjarasamningum, breytingum á rekstri eða með öðrum hætti, verði skoðaðar með hag barna að leiðarljósi áður en til framkvæmda kemur.

Rannsóknartækifæri í tengslum við breytingar á rekstrarumhverfi leikskóla með áherslu á velferð barna eru mýmörg. Gera þyrfti rannsókn á reynslu barna af breytingunum, barna sem eru styttri daga og hinna sem eru lengur, barna sem nýta skráningardaga og þeirra er gera það ekki. Gagnlegt væri að vita hvernig tíma þeirra barna er varið sem hafa styttri skólatíma eða eru heima á skráningardögum og að lokum væri gott að vita hvort jaðarhópar stytta skólatíma vegna fjárhagsaðstæðna. Allt gæfi þetta skýrari sýn á velferð leikskólabarna í kjölfar breytinga á rekstrarumhverfi leikskóla.

Implementation of a new policy in preschools in two municipalities. Effect on children's well-being

The study builds on research on preschool quality and children's well-being (Melhuish, 2014; Tayler et al., 2016). Icelandic preschool policy, including the Preschool Act (no. 90/2008) and the National Curriculum (Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, n.d.), emphasises child well-being across social, emotional, and physical domains. Research indicates that high-quality preschool environments support long-term well-being, whereas lower-quality environments can have a negative impact on young children (Melhuish et al., 2015).

Icelandic preschools operate under a decentralised system, granting municipalities autonomy in administration. This results in diverse operational conditions, including summer openings and variations in financial structure. There are further differences, such as criteria for the number of children in a room or the number of children per teacher. Since 1995, a regulation has been in place regarding the activities of preschools (no. 225/1995), in which both were clearly defined. However, in 2008, the criteria were removed from the law (no. 90/2008). Instead, there are recommendations for a 'safe and spacious learning and work environment', noting that the 'age distribution of children and individuals with special needs, the duration of their stay, the space for children's play and learning, and the composition of the staff' must be considered. The criteria were, therefore, in some ways undefined. A year later, a regulation on the working environment of preschools (no. 655/2009) was enacted, where minimum facilities are defined, and responsibility for the criteria is placed on school principals in consultation with the local government or their representatives. Local authorities thus retain a degree of discretion in shaping opening hours and working conditions.

In 2024, four municipalities introduced financial reforms to improve preschool environments for children and staff. The changes involve the implementation of more affordable or complimentary six-hour preschool programmes, enhanced flexibility in school hours, and the establishment of designated registration days. These registration days allow parents to enroll their children on dates surrounding summer holidays, during school breaks, or between Christmas and New Year. Furthermore, the adjustments include income-based preschool fees and financial support for parents who provide care at home. The overarching objective of these modifications is to encourage parents to utilise only the hours that are essential beyond the six-hour period. This strategy aims to decrease the number of children present in schools during specific times, thereby facilitating the achievement of desired educational outcomes.

This study examines the impact of these reforms in two municipalities, covering 17 preschools. Data were collected through in-depth interviews with administrators and three questionnaires targeting administrators, department heads, and staff. Findings indicate a significant reduction in stress in preschool practice, which benefits children, staff, and administrators. Staff reported experiencing calmer daily routines and enhanced play and learning opportunities. Respondents attributed these improvements to fewer children being present at certain times and more stability in the group of teachers and other staff. Findings demonstrate that these financial reforms have achieved the desired results, contingent on two key factors: smaller groups of children and sufficient staffing. The study highlights the crucial role of financial policies in creating high-quality preschool environments that support children's play and well-being. The emphasis on child welfare is evident in Icelandic education policy, as reflected in legislation, policies, and priorities in the fundamental aspects of education. At the same time, society is making great efforts to provide preschools for all children, preferably from the age of one, in an environment where staffing preschools, whether with preschool teachers or other staff, has been challenging. The quality of preschool programmes and the qualifications necessary for staff are infrequently addressed within this context, and these issues often evoke sensitivity. Nevertheless, both elements are critical to ensuring the welfare of children in educational settings. It may be timely to reexamine the criteria that define a preschool according to the Preschool Act 90/2008 and to conduct a critical assessment of how various factors influence the education, development, and well-being of preschool children.

Key words: policy, preschool practice, preschool children, young children's well-being

Um höfunda

Anna Elísa Hreiðarsdóttir (annaelisa@unak.is) er lektor við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Rannsóknir hennar og þróunarverkefni snúa meðal annars að foreldrasamstarfi, jafnrétti, starfi með elstu börnum leikskólans og tölvum og tækni í leikskólastarfi þar sem skapandi starf og leikur er í fyrirrúmi.

Svava Björg Mörk (svavabm@hi.is) er lektor í stefnu- og stjórnunarfræðum menntastofnana við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Rannsóknir hennar hafa einkum fjallað um menntun og leiðsögn kennaranema, fagmennsku leikskólakennara, samstarf í leikskólakennaramenntun og lærdómssamfélag leikskóla.

About the authors

Anna Elísa Hreiðarsdóttir (annaelisa@unak.is) is an Assistant Professor at the Faculty of Education, University of Akureyri, Iceland. Her research focuses is on preschool and young children, play, creativity, computers and technology, and gender in preschool settings.

Svava Björg Mörk (mork@unak.is) is an Assistant Professor at the Faculty of Education, University of Akureyri, Iceland. Her research has mainly focused on the education and mentoring of student preschool teachers, the professionalism of preschool teachers, collaboration in preschool teacher education, and the learning community in preschools.

Heimildir

- Akureyrarbær. (2023, 31. október). *Bæjarstjórn – 3535: 2. Gjaldfrjálsir sex tímar og tekjutenging leikskólagjalda*. [fundargerð bæjarstjórnar, fundur 3535, málsnúmer 2023070444]. https://www.akureyri.is/stjornskipulag/fundargerdir/PGf4VCcrkEehuZ4ir7_nyQ1/IpgDeuj2hEaczFxNUFxew1
- Alaca, B., Rocca, C. og Maggi, S. (2017). Understanding communities through the eyes and voices of children. *Early Child Development and Care*, 187(7), 1095–1113. <https://doi.org/10.1080/03004430.2016.1155567>
- Andresen, S., Bradshaw, J. og Kosher, H. (2019). Young children's perceptions of their lives and well-being. *Child Indicator Research*, 12, 1–7. <https://doi.org/10.1007/s12187-018-9551-6>
- Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Eygló Björnsdóttir. (2016). Sumarlokun leikskóla: Áhrif á starf og starfsaðstæður. *Netla – Veftímarit um uppleði og menntun*. http://netla.hi.is/greinar/2016/ryn/03_ryn_arsrit_2016.pdf
- Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Jörunn Elísdóttir. (2023). Með börnin heima í samkomubanni: Reynsla og upplifun foreldra leikskólabarna. *Netla – Veftímarit um uppleði og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2023/11>
- Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Kristín Dýrfjörð. (2019). Mat leikskólabarna á þátttöku í tilviksrannsókn. *Sérnit Netlu 2019 – Menntun barna í leikskóla og á yngsta stigi í grunnskóla*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.34>
- Anna Magnea Hreinsdóttir og Kristín Dýrfjörð. (2021). Upplifun barna af leikskóladvöl: „Stundum er maður lengi í leikskólanum, en ekki alltaf“. *Netla – Veftímarit um uppleði og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2021.12>
- Anna Magnea Hreinsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir. (2012). Lýðræðislegt samræðumat: Innra mat á starfi fjögurra leikskóla. *Uppleði og menntun*, 21(1), 53–72. <https://timarit.is/page/5690750#page/n52/mode/2up>
- Bagdi, A. og Vacca, J. (2005). Supporting early childhood social-emotional well being: The building blocks for early learning and school success. *Early Childhood Educational Journal*, 33, 145–150. <https://doi.org/10.1007/s10643-005-0038-y>
- Baker-Henningham, H. (2014). The role of early childhood education programmes in the promotion of child and adolescent mental health in low- and middle-income countries. *International Journal of Epidemiology*, 43(2), 407–433. <https://doi.org/10.1093/ije/dyt226>
- Ben-Arieh, A., Casas, F., Frønes, I. og Korbin, J. E. (2014). Multifaceted concept of child well-being. Í A. Ben-Arieh, F. Casas, I. Frønes og J. E. Korbin (ritstjórar), *Handbook of child well-being: Theories, methods and policies in global perspective* (bls. 1–27). Springer.
- Brinkmann, S. og Kvale, S. (2015). *InterViews*. Sage.
- Brogaard-Clausen, S. og Robson, S. (2019). Friendships for wellbeing? Parents' and practitioners' positioning of young children's friendships in the evaluation of wellbeing factors. *International Journal of Early Years Education*, 27(4), 345–359. <https://doi.org/10.1080/09669760.2019.1629881>
- Camilli, G., Vargas, S., Ryan, S. og Barnett, W. S. (2010). Meta-analysis of the effects of early education interventions on cognitive and social development. *Teachers College Record*, 112(3), 579–620. <https://doi.org/10.1177/016146811011200303>
- Chadwick, D. og Webster, A. (2010). Listening to young children and each other. Í J. Glazzard, D. Chadwick, A. Webster og J. Percival (ritstjórar), *Assessment for learning in the early year's foundation stage* (bls. 78–100). Sage.
- Cho, E. Y. N og Yu, F. Y. (2020). A review of measurement tools for child wellbeing. *Children and Youth Services Review*, 119, 105576. <https://doi.org/10.1016/j.childyouth.2020.105576>
- Creswell, J. W. (2013). *Research design: Qualitative, quantitative, and mixed methods approaches* (4. útgáfa). Sage.
- Fane, J., MacDougall, C., Jovanovic, J., Redmond, G. og Gibbs, L. (2020). Preschool aged children's accounts of their own wellbeing: Are current wellbeing indicators applicable to young children? *Child Indicators Research*, 13, 1893–1920. <https://doi.org/10.1007/s12187-020-09735-7>
- Garðabær. (2023, 7. nóvember). *Fundargerðir: Tillögur um betra starfsumhverfi leikskóla Garðabæjar* [fundargerð bæjarráðs, fundur 42 (2095), (4), málsnúmer 2307150].
- Hafnarfjarðarbær. (2022, 30. nóvember). *Skipulag leikskóladagsins* [fundargerð fræðsluráðs Hafnarfjarðar, fundur 502, (5), málsnúmer 2206160].

- Helena Sjørup Eiríksdóttir og Anna Elísa Hreiðarsdóttir. (2024). Athuganir og skráningar í leikskólum. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 33(4), 55–74. <https://doi.org/10.24270/tuuom.2024.33.4>
- Herczog, M. (2012). Rights of the child and early childhood education and care in Europe. *European Journal of Education*, 47(4), 542–555. <https://doi.org/10.1111/ejed.12008>
- Herrington, S. og Brussoni, M. (2015). Beyond physical activity: The importance of play and nature-based play spaces for children's health and development. *Current Obesity Reports*, 4, 477–483. <https://doi.org/10.1007/s13679-015-0179-2>
- Hjördís Sigursteinsdóttir. (2023). Algengi kulnunar leikskólakennara og grunnskólakennara á árunum 2019–2023. *Sérít Netlu 2023 – Menntakvika 2023*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2023.15>
- Hörður Svavarsson. (2022). *Börnin í veggjunum: Um rými barna í leikskólum* [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/42940>
- Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Svava Björg Mörk. (2020). Kófið og leikskólinn: „Þetta var mögnuð „tilraun“ til að sjá gæðastarf verða til við skrítnar aðstæður.“ *Sérít Netlu 2020 – Menntakerfi og heimili á tímum COVID-19*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2020.20>
- Kennarasamband Íslands. (2021). *Kjarasamningur Sambands íslenskra sveitarfélaga við Kennarasamband Íslands vegna Félags leikskólakennara. Gildistími 1. janúar 2020 til 31. desember 2021*. https://www.ki.is/media/q2tdn04r/fl-heildarkjarasamningur-2020-2021_lok.pdf
- Kópavogsbær. (2023, 27. júní). *Bæjarstjórn – 1281. fundur: 1. Tillögur starfshóps um skipulag og starfsumhverfi í leikskólum Kópavogs* [fundargerð bæjarstjórnar, fundur 1281, málsnúmer 22114511]. <https://www.kopavogur.is/is/stjornsysla/fundargerdir/baejarstjorn/3622>
- Kópavogsbær. (2024, 15. febrúar). *Stytttri dvalartími barna og engar lokanir í leikskólum*. <https://www.kopavogur.is/is/frettir-tilkynningar/category/1/stytttri-dvalartimi-barna-og-engar-lokanir-i-leikskolum-kopavogs>
- Kristín Dýrfjörð. (2019). Preschool teachers' working conditions in Iceland: Crisis in the making. Í S. Phillipson og S. Garvis (ritstjórar), *Teachers' and families' perspectives in early childhood education and care: Early childhood education in the 21st century* (bls. 110–122). Routledge.
- Lee, R. L. T., Lane, S., Brown, G., Leung, C., Kwok, S. W. H. og Chan, S. W. C. (2020). Systematic review of the impact of unstructured play interventions to improve young children's physical, social, and emotional wellbeing. *Nursing and Health Sciences*, 22(2), 135–481. <https://doi.org/10.1111/nhs.12732>
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.
- Margrét Héðinsdóttir, Fanney Gunnarsdóttir og Erla Kristjánsdóttir. (2013). *Heilbrigði og velferð: Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið; Námsgagnastofnun. <https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/stakt-rit/2013/04/16/Heilbrigdi-og-velferd-grunnthattur-i-menntun-a-ollum-skolastigum/>
- Mashford-Scott, A., Church, A. og Tayler, C. (2021). Seeking children's perspectives on their wellbeing in early childhood settings. *International Journal of Early Childhood*, 44, 231–247. <https://doi.org/10.1007/s13158-012-0069-7>
- Melhuish, E. (2014). The impact of early childhood education and care on improved wellbeing. “If you could do one thing...” Í K. Pickett, E. Melhuish, D. Dorling, C. Bamba, K. McKenzie, J. Nazroo, H. Kendig, C. Phillipson og A. Maynard (ritstjórar), *Nine local actions to reduce health inequalities* (bls. 33–43). British Academy.
- Melhuish, E., Ereky-Stevens, K., Petrogiannis, K., Ariescu, A., Penderi, E., Rentzou, K., Tawell, A., Slot, P., Broekhuizen, M. og Leserman, P. (2015). *A review of research on the effects of early childhood education and care (ECEC) on child development*. CARE project; Curriculum quality analysis and impact review of european early childhood education and care (ECEC). <https://ora.ox.ac.uk/objects/uuid:bb919f6f-cd43-42d8-89ff-da525dc63554>
- Menntamálastofnun. (2021). *Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/oryggishandbok_leikskola/
- Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. (e.d.). *Aðalnámskrá: Leikskóli*. <https://www.adalnamskra.is/leikskoli>
- Miles, M. B. og Huberman, A. M. (1994). *Qualitative data analysis: An expanded sourcebook*. Sage.

- Nergaard, K. (2020). The heartbreak of social rejection: Young children's expressions about how they experience rejection from peers in ECEC. *Child Care in Practice*, 26(3), 226–242. <https://doi.org/10.1080/13575279.2018.1543650>
- Nergaard, K. (2022). I want to join the play. Young children's wants and needs of empathy when experiencing peer rejections in ECEC. *Early Years*, 42(4-5), 406–419. <https://doi.org/10.1080/09575146.2020.1744531>
- OECD. (e.d.). *OECD child well-being dashboard*. <https://www.oecd.org/en/data/dashboards/oecd-child-well-being-dashboard.html>
- Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995.
- Sando, O. J., Kleppe, R. og Sandseter, E. B. H. (2021). Risky play and children's well-being, involvement and physical activity. *Child Indicators Research*, 14, 1435–1451. <https://doi.org/10.1007/s12187-021-09804-5>
- Sando, O. J. og Sandseter, E. B. H. (2020). Affordances for physical activity and well-being in the ECEC outdoor environment. *Journal of Environmental Psychology*, 69, 101430. <https://doi.org/10.1016/j.jenvp.2020.101430>
- Sara M. Ólafsdóttir, Kristín Karlsdóttir og Dána Lind Sigurjónsdóttir. (2020). Sýn barna á kórónuveiruna og áhrif hennar á daglegt starf í leikskóla. *Sérít Netlu 2020 – Menntakerfi og heimili á tímum COVID-19*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2020.23>
- Storli, R. og Sandseter, E. B. H. (2019). Children's play, well-being and involvement: How children play indoors and outdoors in Norwegian early childhood education and care institutions. *International Journal of Play*, 8(1), 65–78. <https://doi.org/10.1080/21594937.2019.1580338>
- Street, M. (2021). Benefits and limitations of eliciting the well-being views of two-four year olds living in a low-income area in England. *Child Indicator Research*, 14, 661–680. <https://doi.org/10.1007/s12187-020-09773-1>
- SurveyMonkey. (e.d.). Create online surveys and forms that mean business. www.surveymonkey.com
- Tayler, C., Cloney, D., Adams, R., Ishimine, K., Thorpe, K. og Nguyen, T. K. C. (2016). Assessing the effectiveness of Australian early childhood education and care experiences: Study protocol. *BMC Public Health*, 16, 352. <https://doi.org/10.1186/s12889-016-2985-1>
- Torii, K., Fox, S. og Cloney, D. (2017). *Quality is key in early childhood education in Australia*. Victoria University of Technology, Mitchell Institute. https://research.acer.edu.au/early_childhood_misc/10
- WHO. (e.d.). *Constitution*. <https://www.who.int/about/governance/constitution>
- Þorlákur Karlsson. (2003). Spurningakannanir: Uppbygging, orðalag og hættur. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 331–350). Háskólinn á Akureyri.



Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Svava Björg Mörk. (2025).
Breytingar á rekstrarumhverfi leikskóla: Áhrif á velferð barna
Netla – Vefúmarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
<http://netla.hi.is>
DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2025/10>